

Tölvubréf Vegagerðarinnar dags. 6. janúar 2020 í kjölfar fyrirspurnar formanns íbúaráðs Kjalarness.

Sæl Sigrún

Það er rétt að það eru enn engar sýnilegar framkvæmdir á svæðinu ennþá. Það er þó unnið að undirbúningi að fullum krafti á mörgum vígstöðvum.

Lögfræðistofan AM Praxis ásamt Vegagerðinni hefur sent út kynningarbréf til landeigenda og vinnur nú að því að útbúa landeigendasamninga. Á næstu vikum verða send samningsdrög/tilboð til landeigenda.

Verkfræðistofan Efla vinnur fyrir Vegagerðina að gerð frummatsskýrslu sem áætlað er að verði skilað inn til Skipulagsstofnunar 13. janúar 2020. Álitsgerð Skipulagsstofnunar og lok mats á Umhverfisáhrifum ætti samkvæmt áætlun að klárast í maí 2020 og framkvæmdaleyfið að fást í júní/júlí ef allt gengur að óskum.

„Þegar skýrslunni hefur verið skilað inn til Skipulagsstofnunar hefur stofnunin tvær vikur til að taka hana til athugunar. Í kjölfarið fá umsagnaraðilar þrjár vikur og almenningur sex vikur til að skila inn umsögnum og athugasemdum. Þegar athugasemdir og umsagnir hafa borist við frummatsskýrslu er þeim svarað. Svörin eru skrifuð inn í lokaskýrslu, svokallaða matskýrslu, sem svo er send til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun veitir svo álit sitt á mati á umhverfisáhrifum byggt á matsskýrslu. Sveitarstjórnun ber að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar við útgáfu framkvæmdaleyfa. Að því loknu er framkvæmdaleyfið auglýst og er þá í einn mánuð hægt að kæra framkvæmdaleyfið. „

Verkfræðistofan Verkís ásamt Vegagerðinni vinnur að forhönnun, þegar henni lýkur tekur við verkhönnun sem áætlað er að klárast í júní. Í hönnunarferlinu hefur komið í ljós að hagkvæmara er á jarðtæknilega erfiðum svæðum að aðskilja þversnið vegarins í staða þess að breikka. Fyrirhugað er að byrja á rannsóknarfyllingu á erfiðu svæði á næstu vikum, en það er gert til að fylgjast með og áætla jarðvegssig svo betri mynd fái á jarðvegsaðstæður áður en verkið er boðið út.

Vegagerðin hefur verið í viðræðum við Veitur vegna lagna á fyrirhuguðu vegsvæði en Veitur hafa ráðið Verkís til að hanna nauðsynlegar færslur á lögnum. Fyrirsjáanlegt er að mikið samspil þarf að vera vegna lagna og áfangaskipta þarf verkinu m.a með það í huga. Það er allt kapp lagt á að bjóða verkið út í sumar, eða um leið og hönnunarvinna, samningar við landeigendur og framkvæmdaleyfi eru í höfn.

Með bestu kveðju,

Anna Elín Jóhannsdóttir

verkfræðingur M.Sc

Framkvæmdadeild

Fyrirspurn formanns íbúaráðs Kjalarness til Vegagerðarinnar dags. 2. janúar 2020.

Góðan daginn,

Óska eftir upplýsingum um stöðu mála við framkvæmdir (2+1 vegur) á Vesturlandsvegi um Kjalarnes.

Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir að árið 2019 færu 200 millj. í verkefnið en engar sýnilegar framkvæmdir urðu á svæðinu á þeim tíma.

Vil gjarnan fá upplýsingar um framvindu verkefnisins og eins ef einhverjar breytingar hafa verið gerðar á áætluninni.

Með kveðju, Sigrún Jóhannsdóttir

formaður íbúaráðs Kjalarness